

Fundur samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Samstarfsnefnd kom saman til 9. fundar á Teams þann 28. apríl 2024 kl. 10:00.

Fundinn sátu:

- Guðveig Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Lilja B. Ágústsdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar
- Jón Hrói Finnsson, KPMG, sem ritaði fundargerð

Jón Hrói setti fundinn kl. 10:00.

1. Hagsmunamál í samskiptum við stjórnvöld

Framhald umræðna á 8. fundi. Lagt fram minnisblað um um aðgerðir til að stuðla að jákvæðri byggðaðpróun. Samþykkt að bæta við kafla um mikilvægi þess að bæta veginn um Dragháls, sem er mikið notaður sem varaleið þegar veður er slæmt undir Hafnarfjalli eða þegar framkvæmdir eru á þjóðvegi 1.

2. Framtíðarsýn og álit samstarfsnefndar

Farið yfir framtíðarsýn starfshópa. Samstarfsnefnd er sammála framtíðarsýn starfshópa og samþykkir að sú framtíðarsýn birtist í samantekt samstarfsnefndar á forsendum.

3. Drög að skilabréfi og álit samstarfsnefndar

Lögð fram drög að skilabréfi og álit samstarfsnefndar. Jón Hrói kynnti drögin og fór yfir uppbyggingu þeirra. Stefnt er að því að álit samstarfsnefndar og forsendur þess liggi fyrir í maí svo sveitarstjórnirnar geti tekið málið fyrir á fundum sínum í júní. Umræðu frestað til næsta fundar.

4. Önnur mál:

Jón Eiríkur velti upp því hvort hægt sé að hvort hægt sé að gera samkomulag um ákveðin atriði ef til sameiningar kemur til að draga úr óvissu íbúa, t.d. varðandi sorpmál. Jón Eiríkur og Guðveig munu fara saman yfir það hvað um gæti verið að ræða.

Rætt um kynningu niðurstaðna fyrir íbúum og mikilvægi þess að gera fólki grein fyrir því hvaða áhrif sameining hafi á þjónustu. Rætt um mikilvægi þess að færa kynninguna nær íbúum Skorradalshrepps og gera fólki grein fyrir ástæðum þess að samstarfsnefnd mælir með samningum.

Fundi slitið kl. 11:00.

